



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS

# SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

2025  
2029

# INNGANGUR

Sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029 er sértæk byggðaáætlun Suðurlands og sameiginleg stefna sveitarfélaga á Suðurlandi um sjálfbæra þróun. Hún er jafnframt leiðarljós fyrir störf Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), byggðaþróunarfulltrúa og annarra hagaðila sem vinna að framþróun svæðisins.

Áætlunin byggir á viðtæku samráði við íbúa, sveitarfélög, atvinnulíf og stofnanir og mótar sameiginlega sýn Sunnlendinga á framtíð svæðisins. Hún sameinar sveitarfélögin með samræmdri stefnu um forgangsmál í byggða- og samfélagsþróun.

Sóknaráætlunin er hluti af formlegu samstarfi ríkis og sveitarfélaga sem stýrir fjármögnun verkefna Uppbyggingarsjóðs Suðurlands og áhersluverkefna í landshlutanum með sérstökum samningi og samkvæmt lögum nr. 69/2015.

Byggt er á meginmarkmiðum Byggðaáætlunar, landsskipulags- og loftslagsstefnu Íslands, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og svæðisbundnum áherslum á Suðurlandi. Áætlunin spannar fjórar meginstoðir: Atvinna og nýsköpun, samfélag, umhverfi og innviðir – með skýrum markmiðum og aðgerðum sem styðja við sjálfbærni, samkeppnishæfni og lífsgæði íbúa. Jafnframt tekur hún mið af stefnumörkun norrænu ráðherranefndarinnar og stefnuviðmiðum OECD um byggðamál.

Saman byggjum við betra samfélag!



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



**Byggðaáætlun**

# SUÐURLAND

Suðurland nær yfir um 31.000 ferkílómetra svæði og nær frá Ólfusi og Hveragerði í vestri til og með sveitarféluginu Hornafirði í austri. Á svæðinu búa rúmlega 35.000 íbúar í 15 sveitarfélögum sem endurspeglar mikla landfræðilega og samfélagslega fjölbreytni.

Suðurland státar af sterkum stoðum í atvinnulífi þar sem landbúnaður, sjávarútvegur, ferðaþjónusta og matvælaframleiðsla skipa lykilhlutverk ásamt vaxandi nýsköpun, þjónustustarfsemi og óstaðbundnum störfum. Náttúruauðlindir Suðurlands, jarðvarmi, vatnsafl, ræktunarland og fjölbreytt landslag eru ekki aðeins efnahagslega mikilvæg heldur líka hluti af sérstöðu, sjálfsmynd og framtíðarsýn svæðisins.



**35.269 íbúar**  
m.v. 12.3 2025



**15 sveitarfélög**


# SVÓT GREINING

## Styrkleikar

- Náttúrufegurð
- Náttúru- og orkuauðlindir
- Ferðaþjónusta
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Landbúnaður, landrými og -gæði
- Mannauður
- Motvælaframleiðsla
- Vöxtur/uppbygging
- Landfræðileg fjölbreytni

## Ógnanir/áskoranir

- Niðurskurður í samgöngumálum
- Skert aðgengi og niðurskurður í grunnþjónustu (heilbrigðisþjónusta, löggæsla o.fl.)
- Náttúrvá og loftlagsbreytingar
- Hátt hlutfall erlendra ríkisborgara (skortur á inngildingu)
- Einhæfni í atvinnulífi og viðkvæm samsetning
- Hnignun í landbúnaði
- Orkumál - skortur, óvissa áskoranir í nýtingu
- Þekkingartap – brotthvarf ungs fólks og sérhæfðs vinnuofls
- Ósjólfbær ferðaþjónusta og álag á náttúru og samfélög
- Stríðsástand og óvissa í heimsmálum



## Veikleikar

- Vegakerfið/samgöngur
- Heilbrigðisþjónusta/löggæsla/neyðarviðbragð
- Húsnaðisskortur
- Láglunaðsvæði
- Einhæft atvinnulíf
- Innviðauppbygging ekki í takt við fólksfjölda
- Almennings- og flugsamgöngur
- Fjörlægðir
- Ágangur/þolmörk náttúru og samfélags
- Mannauður – vöntun á fólk/hæfni

## Tækifæri

- Nýting orkuauðlinda
- Motvælaframleiðsla
- Fjölbreyttara atvinnulíf
- Óstaðbundin störf
- Landbúnaður - sjólfbær þróun og motvæloöryggi
- Nýsköpun og aðdráttarafli fyrir sprotafyrirtæki
- Fjölmennung/inngilding
- Sjólfbærni í ferðaþjónustu og orkunýtingu
- Samvinna og samstarf (milli sveitarfélaga, svæða og stofnana)
- Hærro menntunarstig

# TENGING VIÐ AÐRAR STEFNUR



## Byggðaáætlun



### Byggðaáætlun Íslands 2022–2036

Sóknaráætlun Suðurlands bygglir á megináherslum Byggðaáætlunar stoðbundin tækifærl, jofnraði, aðgengi að þjónustu óháð búsetu og eflingu sveitarstjórnarsstigsins. Sóknaráætlunin dregur sérstaklega frum mikilvægi samstarfs, nýsköpunar og sjálfbærar þróunar sem drifkrafa í byggðaþróun.



### Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDG)

Sóknaráætlunin tekur mið af heimsmarkmiðunum með því að leggja áherslu á sjálfbær samfélög, jöfnud, menntun, atvinnuþróun og umhverfisvernd. Sérstök tenging er við markmið 4 (menntun), 8 (góð atvinna og hagvöxtur), 10 (minnkað ójöfnud), 11 (sjálfbærar byggðir) og 13 (aðgerðir í loftslagsmálum).



### Nordregio – Sjálfbærnistefna Nordurlanda 2021–2024

Sóknaráætlunin dregur dýpri lærdóm af áherslum Nordregio um að byggðastefna þurfi að byggja á gagnadrifinni ákvæðanotöku, sjálfbærni og samráði við íbúa. Sérstök áhersla er á samspli byggðaþróunar og loftslagsaðgerða, eflingu félagsauðs, styrkingu stoðbundins lýðræðis og sveigjanleika í opinberum stuðningi til að mæta ólikum aðstæðum innan landshluta.



### Svæðisbundnar stefnur

Sóknaráætlun tekur mið af svæðisbundnum stefnum og áætlunum eftir því sem þær eru tiltækjar. Þá sérstaklega þegar kemur að greiningu og framsetningu áherslina og áskorana einstakra svæða innan landshlutans. Þær styðja þá við starfsmarkmið byggðaþróunarfulltrúa og sem rökstuðningur við sértækjar aðgerðir.



### Landsskipulogsstefna 2024-2028

Sóknaráætlun tekur mið af lykiláherslum nýju stefnunnar, svo sem um sjálfbæra þróun byggðar, samþættingu samfélagslegra þáttta í skipulagi, mikilvægi loftslagsmarkmiða og samhæfingu skipulags með öðrum stefnuáætlunum.

### Nýsköpunarstefna fyrir Ísland 2020–2030

Sóknaráætlunin styður við áherslur um að efla nýsköpun á öllum stigum samfélagsins, auka samstorf opinberra og einkaoðila og nýta nýsköpun sem drifkraft í byggðaþróun, menntun, atvinnulífi og samfélagsþróun.

### Menningarstefna Íslands

Sóknaráætlunin endurspeglar markmið menningarstefnunnar um að tryggja aðgengi allra að fjölbreyttu menningarlfifi, styðja við sköpun og sjálfbærari rekstur menningarstofnana og efla hlutverk menningar í byggðaþróun og samfélagslegri samheldni.

# FRAMTÍÐARSÝN

„Á Suðurlandi hefur sjálfbær nýsköpun og verðmætasköpun styrkt fjölbreytt og öflugt atvinnulíf um allt svæðið. Samheldið samfélag blómstrar með inngildingu, menningu, menntun og vellíðan allra íbúa að leiðarljósi. Græn orka og ábyrg auðlindanýting styður við umhverfisvitund og sjálfbærni. Öflugir innviðir og traust þjónusta tryggja lífsgæði og vaxtarskilyrði til framtíðar.“

# GILDIN OKKAR



SAMVINNA



FRAMSÝNI



FRUMKVÆÐI



GAGNSÆI



INNGILDING



SJÁLFBÆRNI

# STOÐIR SÓKNARÁÆTLUNAR



ATVINNA OG  
NÝSKÖPUN



SAMFÉLAG



UMHVERFI



INNVIÐIR

# MARKMIÐ

## Fjölbreytt atvinnulíf og jöfnun tækifæra

- Fjölgá óstaðbundnum störfum (1.1)
- Styðja við nýsköpun og nýliðun (1.2)
- Efla íslensku og inngildingu í atvinnulífinu (1.3)



## ATVINNA OG NÝSKÖPUN

## Aukin verðmætasköpun

- Auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu (1.4)
- Hvetja til hringrásarlausna í atvinnulífi á Suðurlandi (1.5)
- Auka þekkingu og færni til framfara (1.6)

## Sjálfbærni til framtíðar

- Auka framboð af grænni orku til atvinnuuppbyggingar (1.7)
- Tryggja að tekjur af auðlindum renni til nærsvæða (1.8)
- Styðja við sjálfbæra ferðaþjónustu (1.9)

# MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

## Fjölbreytt atvinnulíf og jöfnun tækifæra

### Fjölgð óstædbundnum störfum (1.1)

Markmiðið er að styðja við atvinnusköpun á forsendum svæðanna sjálfra. Með því að nýta stafræna innviði, fjarvinnu og aðdráttarafl svæðanna má fjölgð störfum á Suðurlandi og jafna aðgengi að störfum óháð búsetu.

### Styðja við nýsköpun og nýliðun (1.2)

Með stuðningi við frumkvöðla og eflingu nýsköpunar má styrkja atvinnulíf og byggðaþróun um allt Suðurland. Lögð er áhersla á nýliðun, tækifæri fyrir ungt fólk og nýsköpun sem byggir á sérstöðu og auðlindum nærumhverfisins.

### Efla íslensku og inngildingu í atvinnulífinu (1.3)

Til að stuðla að virkri samfélagsþátttöku og sterkari samfélögum þarf að efla íslenskukunnóttu, fjölmenningsfærni og inngildingu á vinnustöðum. Þetta tryggir jafnrétti til þátttöku í atvinnulífi og eykur félagslegt réttlæti.

## Aukin verðmætasköpun

### Auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu (1.4)

Styrkja skal verðmætasköpun í matvælaframleiðslu með sjálfbærri nýtingu hráefna, staðbundinni framleiðslu og þróun nýrra afurða með sérstakri áherslu á landbúnað og garðyrkju. Í ferðaþjónustu verði lögð áhersla á gæði, lengri dvöl, tengingu við menningu og náttúru og í sátt við íbúa.

### Hvetja til hringrásarlausna í atvinnulífi á Suðurlandi (1.5)

Markmiðið er að styðja við atvinnustarfsemi sem nýtir auðlindir á sjálfbærán hátt, dregur úr úrgangi og stuðlar að endurnýtingu. Áhersla er lögð á lausnir sem byggja á nýsköpun og samstarfi og skapa staðbundin verðmæti með minni sóun og meiri hringrás.

### Auka þekkingu og færni til framfara (1.6)

Atvinnulífið stendur frammi fyrir hröðum breytingum. Markmiðið er að efla aðgengi að símenntun og starfsmenntun og auka færni á sviðum eins og sjálfbærni, tækni og nýsköpun með hliðsjón af þörfum atvinnugreina og íbúa.

## Sjálfbærni til framtíðar

### Auka framboð af grænni orku til atvinnuuppbyggingar (1.7)

Orkuskipti og vöxtur atvinnulifs krefjast trausta innviða. Með auknu framboði endurnýjanlegrar orku og jöfnun orkuverðs, bæði til íðnaðar og þjónustu, má styðja við sjálfbæra atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á sviði loftslagsvænnor tækni.

### Tryggja að tekjur af auðlindum renni til nærsvæða (1.8)

Nýting náttúruauðlinda á að skila verðmætum til samfélöganna sem hýsa þær. Með skýrum verkferlum og stefnu um tekjuskiptingu má tryggja réttláta dreifingu af óvinningi af auðlindum, í þágu íbúa og sveitarfélaga.

### Styðja við sjálfbæra ferðaþjónustu (1.9)

Ferðaþjónusta þarf að vera í jafnvægi við náttúru, samfélag og innviði. Markmiðið er að styðja við þróun ferðaþjónustu sem byggir á sjálfbærri auðlindanýtingu, staðbundinni verðmætasköpun og í sátt við samfélagið.



## ATVINNA OG NÝSKÖPUN

# MARKMIÐ

## Vellíðan, lýðheilsa og jöfn tækifæri

- Stuðla að vellíðan og efla lýðheilsu Sunnlendinga (2.1)
- Stuðla að fjölskylduvænu og samheldnu samfélagi (2.2)
- Efla samfélagslega þátttöku og inngildingu (2.3)



**SAMFÉLAG**

## Menntun fyrir framtíðina

- Auka aðgengi að fjölbreyttu námi (2.4)
- Öflugt skólastarf og þjónustu við börn í nærumhverfi (2.5)
- Styðja við íslenskukennslu samhliða inngildingu (2.6)

## Menning og listir fyrir samfélagið

- Stuðla að aðstöðu, viðburðum og vettvangi fyrir menningu (2.7)
- Efla aðgengi að menningu og listum fyrir íbúa (2.8)
- Virkja íbúa til þátttöku í lista- og menningarlíf (2.9)

# MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

## Velliðan, lýðheilsa og jöfn tækifæri

### Stuðla að velliðan og efla lýðheilsu Sunnlendinga (2.1)

Velliðan íbúa er forsenda samfélagslegrar virkni og framþróunar. Sérstök áhersla er lögð á forvarnir, gedheilbrigði og aðgengi að félagslegum stuðningi og þjónustu sem tekur mið af þörfum ólikra hópa - sérstaklega ungs fólks og eldri borgara. Markmiðið er að tryggja að allir, óháð aldri eða aðstæðum, hafi jöfn tækifæri til þátttöku, virkni og samfélagslegra tengsla.

### Stuðla að fjölskylduvænu og samheldnu samfélagi (2.2)

Fjölskylduvæn samfélög byggja á öflugu stuðningskerfi, öruggu nærumhverfi og aðgengi að nauðsynlegri þjónustu. Með áherslu á húsnæði, menntun, samgöngur og félagsauð má efla tengsl milli fólks og styrkja staðarímynd byggðanna.

### Efla samfélagslega þátttöku og inngildingu (2.3)

Stuðla skal að samfélagi þar sem allir íbúar hafa raunveruleg tækifæri til þátttöku óháð aldri, uppruna eða félagslegri stöðu. Sérstök áhersla er lögð á að virkja rödd ungmenna og útfæra aðgerðir sem styðja inngildingu jaðarsettra hópa í gegnum fræðslu, forvarnir og tækifæri til samfélagsþátttöku.

## Menntun fyrir framtíðina

### Auka aðgengi að fjölbreyttu námi (2.4)

Nauðsynlegt er að tryggja jafnt aðgengi að fjölbreyttu námi óháð búsetu í landshlutanum. Áhersla er lögð á að efla fjarnám á háskólastigi, styrkja staðbundið námsframboð og tengja námið við atvinnugreinir svæðisins og framtíðarþarfir.

### Öflugt skólastarf og þjónusta við börn í nærumhverfi (2.5)

Stuðla skal að öflugu og aðgengilegu leik- og grunnskólastarfi með áherslu á gæði kennslu, snemmtæka íhlutun og öflugt stuðningsnet óháð búsetu. Lögð er áhersla á samræmda sérfræðiþjónustu, inngildingu barna og samfelli milli skólastiga til að tryggja jöfnud í tækifærum fyrir öll börn á Suðurlandi.

### Efla íslenskukennslu samhliða inngildingu (2.6)

Tungumálakunnáttu er lykill að þátttöku í samfélögum. Með markvissri íslenskukennslu og inngildandi nálgun í samfélagsþjónustu og atvinnulífi verður auðveldara fyrir nýja íbúa að festa rætur og taka virkan þátt.

## Menning og listir fyrir samfélagið

### Stuðla að aðstöðu, viðburðum og vettvangi fyrir menningu (2.7)

Aðstaða og hvers kyns vettvangur fyrir menningarstarf skiptir máli fyrir þátttöku, sýnileika og staðarímynd. Með því að styðja við aðstöðu, viðburði og rými til samveru og sköpunar má efla menningarlíf og samheldni samfélaga.

### Efla aðgengi að menningu og listum fyrir íbúa (2.8)

Menning og listir verða að vera aðgengilegar öllum. Með því að tryggja að íbúar á öllum aldri og úr ólikum samfélagshópum hafi raunverulegt aðgengi að listviðburðum, menningarstofnunum og skapandi rýmum má stuðla að jafnrétti til þátttöku í menningarlifi.

### Virkja íbúa til þátttöku í lista- og menningarlifi (2.9)

Íbúar eiga að fá tækifæri til að hafa áhrif og taka þátt í mótu menningar. Með því að virkja íbúa til sköpunar, frumkvæðis og lýðræðislegrar þátttöku má styrkja samfélagslega virkni, fjölbreytni og menningarlega sjálfsmýnd svæðisins.



SAMFÉLAG

# MARKMIÐ

## Sjálfbær nýting og vernd auðlinda

- Stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda (3.1)
- Styðja við náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni (3.2)
- Stuðla að ábyrgri nýtingu orkuauðlinda (3.3)



UMHVERFI

## Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

- Vinna að samhæfingu í úrgangsmálum og sorpflokkun (3.4)
- Auka fræðslu og þátttöku íbúa í umhverfismálum (3.5)
- Styðja við samfélagsverkefni sem stuðla að hringrás og sjálfbærni (3.6)

## Aðlögun að loftlagsbreytingum og náttúrvá

- Kortleggja náttúrvá og samþætta við skipulag (3.7)
- Stuðla að umhverfisvænni landnýtingu og endurheimt vistkerfa (3.8)
- Efla aðlögunargetu samfélaga að loftlagsbreytingum (3.9)

# MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

## Sjálfbær nýting og vernd auðlinda

### Stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda (3.1)

Nýting náttúruauðlinda skal byggjast á sjálfbærum forsendum þar sem tekið er mið af framtíðarsýn nærsvæða og hagsmunum samfélaga. Með ábyrgri nýtingu og samvinnu við heimamenn má tryggja staðbundinn ávinnung af auðlindanýtingu.

### Styðja við náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni (3.2)

Með verndun vistkerfa, endurheimt lífríkis og vöktun á náttúruverðmætum er stuðlað að heilbrigðri náttúru og tengslum íbúa við umhverfi sitt. Líffræðileg fjölbreytni styrkir seiglu svæða og eykur lífsgæði.

### Stuðla að ábyrgri nýtingu orkuauðlinda (3.3)

Orkuauðlindir á borð við jarðvarma og vindorku skulu nýttar á sjálfbærð hátt, þar sem tekið er mið af langtímahagsmunum samfélagsins. Með skýrri stefnumörkun og virku samráði má hámarka sjálfbærni og réttláta dreifingu ávinnings.

## Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

### Vinna að samhæfingu í úrgangsmálum og sorpflokkun (3.4)

Sveitarfélög vinna sameiginlega að lausnum í úrgangsmálum. Með aukinni flokkun, samnýttum innviðum og bættri upplýsingagjöf má auka endurnýtingu og draga úr urðun.

### Auka fræðslu og þátttöku íbúa í umhverfismálum (3.5)

Markviss fræðsla og virk þátttaka almennings eru lykilatriði í órangri umhverfisstefnu. Með upplýsingamiðlun, viðburðum og samráði má styrkja umhverfismeðvitund og breyta venjum í þágu hringrásarhagkerfisins.

### Styðja við samfélagsverkefni sem stuðla að hringrás og sjálfbærni (3.6)

Með stuðningi við samfélagsverkefni sem draga úr sóun og styðja við endurnýtingu og umhverfismeðvitund má virkja þátttöku íbúa og félagasamtaka í grænni umbreytingu.

## Aðlögun að loftslagsbreytingum og náttúrvá

### Kortleggja náttúrvá og sambætta við skipulag (3.7)

Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skulu byggjast á nýjustu upplýsingum um náttúrvá. Með kortlagningu og áhættumati er stuðlað að öruggri uppbyggingu og minni áhættu vegna náttúruhamfara.

### Stuðla að umhverfisvænni landnýtingu og endurheimt vistkerfa (3.8)

Með vistheimt, grænni hönnun og skipulagi sem tekur mið af náttúruvernd má draga úr áhrifum uppbyggingar og stuðla að heilbrigðari vistkerfum.

### Efla aðlögunargetu samfélaga að loftslagsbreytingum (3.9)

Sveitarfélög þurfa að vinna saman að heildrænni stefnu og somhæfðum aðgerðum til að bregðast við loftslagsbreytingum. Með því að efla seiglu samfélaga og samræma viðbrögð má styðja við öryggi, sjálfbærni og framþróun svæðisins.



UMHVERFI



## INNVIÐIR

# MARKMIÐ

### Grunnþjónusta, heilsa og öryggi

- Jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþjónustu (4.1)
- Styrkja almannavarnir og viðbragðsgetu svæðisins (4.2)
- Efla fráveitumál til verndar heilsu og náttúru (4.3)

### Húsnaði og skipulag til framtíðar

- Tryggja fjölbreytt búsetuúrræði og leigumarkað húsnaðis (4.4)
- Skipulag í þágu íbúa og samfélags (4.5)
- Efla aðstöðu og innviði fyrir atvinnu, menntun og samfélagsverkefni (4.6)

### Samgöngur og orkumál

- Tryggja öruggar samgöngur (4.7)
- Almenningssamgöngur á forsendum samfélaganna (4.8)
- Tryggja aðgengi að endurnýjanlegri raforku á hagstæðu verði (4.9)

# MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

## Grunnþjónusta, heilsa og öryggi

### Jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþjónustu (4.1)

Heilbrigðisþjónusta þarf að vera aðgengileg öllum með áherslu á forvarnir, fjarheilbrigðislausnir, uppfylla mönnunarþarfir og nærbjónustu – sérstaklega fyrir viðkvæma hópa eins og eldri borgara, börn og innflytjendur.

### Styrkja almannavarnir og viðbragðsgetu svæða (4.2)

Sveitarfélögin efla somhæfðar viðbragðsáætlunar vegna náttúruvár og neyðartilvika og tryggja aðgengi viðbragðsaðila að öllum svæðum. Með góðum áætlunum, réttri þjálfun, góðum búnaði og vandaðri upplýsingagjöf er traust íbúa á almannavarnir aukið.

### Efla fráveitumál og innviði til verndar heilsu og náttúru (4.3)

Áreiðanleg fráveita og meðhöndlun skolps eru lykilþættir í lýðheilsu og náttúruvernd. Unnið er að uppbyggingu, endurnýjun og viðhaldi fráveitukerfa í takt við vaxandi byggð og aukið álag ferðamanna.

## Húsnaði og skipulag til framtíðar

### Tryggja fjölbreytt búsetuúrræði og leigumarkað húsnaðis (4.4)

Húsnaðisuppbrygging þarf að mæta þörfum ólikra samfélagshópa. Sveitarfélög tryggja framboð lóða, stuðla að samvinnu við byggingaraðila og efla sveigjanleika í búsetuúrræðum.

### Skipulag í þágu íbúa og samfélags (4.5)

Skipulag byggðar skal stýðja við fjölbreyttu búsetu, aðgengi að þjónustu og samfélagslegar þarfir. Það skal þróað í nánu samráði við íbúa og þannig tryggð sátt, sveigjanleiki og staðbundin þróun sem nýtist íbúunum sjálfum.

### Efla aðstöðu og innviði fyrir atvinnu, menntun og samfélagsverkefni (4.6)

Samfélagsleg og efnahagsleg virkni byggist á aðstöðu fyrir lítil og meðalstór fyrtækni, nám, listir og félagsstarf. Með góðum innviðum er stutt við mannlif, menntun og nýsköpun í hverju byggðarlagi.

## Samgöngur og orkumál

### Tryggja öruggar samgöngur (4.7)

Forgangsraða skal vegaframkvæmdum og vetrarþjónustu á þjóðvegi 1 og öðrum lykilleiðum með áherslu á umferðaröryggi, umferðarþunga og mikilvægi fyrir íbúa og ferðaþjónustu. Sérstaklega skal huga að áskorunum í dreifbýli og tengingum milli byggðarlaga.

### Almenningssamgöngur á forsendum samfélaganna (4.8)

Almenningssamgöngur skulu þróðar út frá þörfum íbúa og stuðli að jöfnun á aðgengi og virkri þátttöku íbúa, sérstaklega barna, ungmenna og eldri borgara. Lausnir verði vistvænor, sveigjanlegar og aðlagðar að aðstæðum hvers svæðis.

### Tryggja aðgengi að endurnýjanlegri raforku á hagstæðu verði (4.9)

Með því að efla dreifikerfi, fjölgva tengipunktum, bæta flutningsgetu og tryggja hagkvæmt raforkuverð til heimila og fyrtækja má styðja við byggðafestu, orkuskipti og verðmætasköpun í nærumhverfi. Orkunýting skal vera í sátt við náttúru og hagsmuni íbúa.



## INNVIÐIR

# LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

## Fókus



Á hverju ári eða fyrir skilgreint tímabil er sérstakur fókus innan hverrar stoðar. Fókusinn hefur áhrif á áherslur í úthlutunum úr Uppbyggingarsjóði og í vali á áhersluverkefnum.



## Önnur verkefni og sjóðir

Hvatt verður til að Sóknaráætlun nýtist sem grunnur í umsóknum í aðra innlenda og erlenda sjóði sem styðja við markmið óætlunarinnar.



## Samráð

Haldið verður áfram opnu og víðtæku samráði við samfélagið um áherslur og þróun óætlunarinnar yfir tímabilið.



## Uppbyggingarsjóður Suðurlands

Úthlutar styrkjum tvisvar á ári – til eflingar atvinnulífs og samfélags. Styrkir styðja markmið Sóknaráætlunarinnar og taka mið af árlegum fókus.



## Hagsmunagæsla

Vinna að framgangi markmiða með beinni hagsmunagæslu gagnvart ríkisstofnunum, stjórnvöldum og öðrum áhrifaadilum.




## Starfsmarkmið

Starfsmarkmið SASS eru skilgreind árlega og endurspeglar hvernig unnið verður markvisst að framgangi markmiða Sóknaráætlunarinnar yfir tímabilið.



## Áhersluverkefni

Skýrt verklag verður fyrir val á áhersluverkefnum, með fagráði sem leggur mat á innsendar tillögur. Opin áheyrn og verkefnakall í samræmi við árlegan fókus.



## Samstarf

Virkt samstarf við atvinnulíf, opinberar stofnanir, menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og sjóði til að ná framgangi markmiða.

# ÁRANGURSMAT

Árangur af framkvæmd markmiða Sóknaráætlunar verður metinn með eftirfarandi hætti:



## Eftirlit og framvinda verkefna

Framvinda aðgerða og verkefna sem styðja við markmið óætlunarinnar verður rakin reglulega í samstarfi við verkefnastjóra, sveitarfélög og hagaðila. Þetta tryggir yfirsýn og samfelli í innleiðingu.



## Greining lykiltalna

Safnað verður gögnum um lykilþætti eins og fjölda óstaðbundinna starfa, nýsköpunarverkefna, þátttöku í símenntun, innviðaþróun eða framgang hringrásarlausna. Þessar tölur sýna þróun yfir tíma og hjálpa til við að setja árangur í samhengi.



## Dæmisögur og reynslusögur

Sögur frá frumkvöldum, fyrirtækjum, stofnunum og samfélagsverkefnum varpa ljósi á hvernig Sóknaráætlunin hefur haft raunveruleg áhrif á daglegt líf, nýsköpun og samfélagsþróun á Suðurlandi.



## Reglulegt samráð og endurmat

Á reglulegum tímabilum verður stefna og framkvæmd endurmetin í samráði við íbúa, sveitarfélög og aðra lykilaðila. Þannig má tryggja að stefnan sé sveigjanleg, samfélagslega réttlát og í takt við breytingar.



## Nýting kannana og rannsóknna

Notast verður við fyrirliggjandi eða sértækar kannanir og rannsóknir sem SASS og samstarfsaðilar framkvæma, til að meta viðhorf, áhrif og framfarir sem tengjast markmiðum óætlunarinnar.

# FERLIÐ



## Vinnufundur á aukaðalfundi

Vinnufundur með kjörnum fulltrúum var holdinn á aukaðalfundi SASS í júní 2024. Þátttakendur voru um 60 talsins og var unnin SVÓT greining ásamt því að koma með tillögur að markmiðum og áherslum og þeim forgangsraðað.



## Myndband

Myndband um Sóknaráætlun Suðurlands var birt á samfélagsmiðlum. Náið til 46.459 einstaklinga á Suðurlandi og skilaði 1.743 smellum.



## Íbúakönnun

Íbúakönnun í þremur flokkum; efnahagur, samfélag og umhverfi vor keyrt út á samfélagsmiðlum í samstarfi við SAHARA. Myndböndin hlutu mikla athygli og alls bárust 576 svör við könnunum þremur. Íbúar voru fengnir til að forgangsraða tillögum að markmiðum ásamt því að bæta við nýjum markmiðum.



## Ársþing SASS

Áhersla var lögð á Sóknaráætlun Suðurlands í nefndarvinnu í aðdraganda órsþingsins og skiliðu nefndirnar tillögum að markmiðum og áherslum ásamt því að koma að vinnufundi á órsþinginu. Alls voru þar um 60 manns.



## Byggðapróunarfulltrúar SASS

Vinnufundur var holdinn með byggðapróunarfulltrúum á Suðurlandi ásamt hluta af starfsfólk.



## Kynning á samráðsfundum

Samráðsfundir voru kynntir á samfélagsmiðlum í samstarfi við SAHARA.



## Samráðsfundir

Tveir fundir voru holdnir á ZOOM í byrjun mai 2025 fyrir íbúa og hagaðila. Þátttakendur voru í heildina um 50 og rýndu þau markmið ásamt því að koma með tillögur að leiðum að settum markmiðunum.



## Fyrstu drög

Fyrstu drög að stefnunni eru tilbúin í byrjun mai 2025 og kynnt stjórn SASS. Þau send í samráðsgátt og til sveitarfélaga á Suðurlandi til skoðunar.



## Samráðsgátt

Stefnan send í samráðsgátt stjórnvalda um miðjan mai 2025. Áfram er unnið úr niðurstöðum samráðsfunda.



## Lokadrög

Lokadrög kynnt fyrir stýrihóp sóknarráðsins um byggðamál, stjórn SASS og sveitarfélögum. Stefna samþykkt af stjórn SASS og kynnt opinberlega.

## BYGGÐAPRÓUNARFULLTRÚAR Á SUÐURLANDI

Vinnufundur var holdinn með byggðapróunarfulltrúum á Suðurlandi ásamt hluta af starfsfólk.

Áhersla var lögð á Sóknaráætlun Suðurlands í nefndarvinnu í aðdraganda órsþingsins og skiliðu nefndirnar tillögum að markmiðum og áherslum ásamt því að koma að vinnufundi á órsþinginu. Alls voru þar um 60 manns.



### **Ábyrgðaraðili og verkefnisstjóri Sóknaráætlunar Suðurlands:**

- Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS

### **Framkvæmd stefnumótunar:**

- Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS
- Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, kynningarfulltrúi og verkefnisstjóri SASS

### **Umbrot og framsetning:**

- Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, kynningarfulltrúi og verkefnisstjóri SASS

### **Samstarf um stefnumótun og miðlun:**

- SAHARA auglýsingastofa (rofrænt samráð og herferðir)
- Svava Björk Ólafsdóttir frá RATA (íbúa- og hagaðilafundir)
- Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfissérfræðingur SASS (þróun, aðstoð og sérfræðiráðgjöf)
- Byggðabróunarfulltrúar á Suðurlandi (þróun, aðstoð og sérfræðiráðgjöf)

**Útgáfudagur 2. júní 2025.**

### **Nánari upplýsingar**

Sóknaráætlun Suðurlands og tengd gögn:

[www.sass.is/soknaraaetlun-sudurlands](http://www.sass.is/soknaraaetlun-sudurlands)

